

Bjarni Einarsson fh.
IEG ehf.

Hellissandur, 10. nóvember 2023
UST202310-259/H.Á.
09.04.00

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna í Snæfellsjökulspjóðgarði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Bjarni Einarsson fyrir hönd IEG ehf., dagsett 9. október 2023 þar sem óskað er eftir heimild til rannsókna innan Snæfellsjökulspjóðgarðs.

Snæfellsjökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Aðrar náttúrufarsrannsóknir innan þjóðgarðsins en lögbundnar rannsóknir fagstofnana eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar.

Lýsing verkefnis:

Rannsóknin fellst í því að setja upp vindmæla og myndavélar á fjarskiptamastur á Gufuskálum. Vindmælar munu mæla vindhraða og myndavélar eru til að skoða farleiðir fugla.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir IEG ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum á Gufuskálum innan Snæfellsjökulspjóðgarðs sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu.

- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sækja þarf um leyfi til Ríkisútvarpsins ohf. vegna uppsetningar búnaðar á fjarskiptamastur á Gufuskálum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **57.000.** sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Virðingarfyllt

Þórdís Vilhelmlína Bragadóttir
sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson
þjóðgarðsvörður